

Föstudaginn 8. október 1982.

Nr. 249/1981. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vara-
ríkissaksóknari)

gegn

Gunnari Friðjónssyni

(Jón Oddsson hrl.).

Skjalafals. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson og settir hæstaréttardómarar Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 19. nóvember 1981, og er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 10. mars 1982.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur að því er varðar sakfellingu, en refsing ákærða verði þyngd. Er því horfið frá þeirri kröfu, að atferli ákærða verði fært til 247. eða 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Verjandi krefst þess, að refsing verði dæmd svo væg sem lög frekast leyfa og verði hún skilorðsbundin.

María Guðbjörg Eyjólfsdóttir lýsti því fyrir rannsóknarlögreglu 6. maí 1981, að hún hefði eigi ritað nafn sitt undir umboð 4. júní 1980.

Þórarinn Gunnarsson, sonur ákærða, skýrði frá því fyrir rannsóknarlögreglu 15. maí 1981, að hann hefði ekki ritað nafn sitt á veðleyfi það, er greinir í 3. lið ákæruskjals.

Samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglu ræddu nafngreindir lögreglumenn við Steinunni Eyjólfsdóttur, eiganda fjárverðmæta þeirra, er um getur í 1. lið ákæruskjals. Kvaðst hún að sögn þeirra ekki hafa leyft ákærða að færa sér í nyt þá fjármuni, sem hann tók út hjá málflutningsskrifstofu þeirri, er geymdi verðmætin.

Samkvæmt læknisvottorði, er fram hefur verið lagt í málinu, getur Ingiveig Eyjólfsdóttir eigi gefið skýrslu vegna heilsuhaga sinna.

María Bergmann, sem sérfróð er um skriftargreiningu og skjalaramsókn, hefur borið saman rithandarsýni Maríu Guðbjargar Eyjólfsdóttur og Ingiveigar Eyjólfsdóttur við ritun nafna þeirra á umboði 4. júní 1980. Er það niðurstaða hennar, að nafnritun Maríu Guðbjargar á umboðinu stafi ekki frá henni svo og að margt sé ólíkt með rithandarsýni Ingiveigar og ritun á nafni hennar á umboðinu. Þá segir, að nöfn þeirra Maríu Guðbjargar og Ingiveigar á umboðinu séu rituð af sama manningnum. Ekki nýtur við í málinu hliðstæðrar rannsóknar á veðleyfi 12. mars 1981, sem er ákæruefni í 3. lið ákæruskjals.

Þau María Guðbjörg, Steinunn og Þórarinn hafa eigi staðfest skýrslur sínar fyrir dómi.

Ákærði tók við sparisjóðsbók og veðskuldabréfi frá framgreindri máflutningsskrifstofu hinn 6. júní 1980.

Játning ákærða um fölsun umboðs 4. júní 1980 fær stoð í skýrslum Maríu Guðbjargar Eyjólfsdóttur og í álitserð Maríu Bergmann. Einnig verður að telja sannað með játningu ákærða og vætti Þórarins Gunnarssonar, að ákærði hafi falsað nafnritanir á veðleyfi 12. mars 1981, svo sem í héraðsdómi getur. Er atferli ákærða réttilega fært til 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga í héraðsdómi.

Svo sem greinir í héraðsdómi, hefur ákærði með atferli sínu, sem hér er dæmt um, rofið skilorð dóms sakadóms Reykjavíkur 11. nóvember 1977. Ber að dæma refsingu fyrir atferli það, sem sá dómur lýtur að, og svo háttsemi þá, sem ákærði er nú dæmdur fyrir, í einu lagi með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 60. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 22/1955, 7. gr.

Atvik að skjalafölsun þeirri, sem ákærði er sakfelldur fyrir í þessum dómi, eru sérstæð. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi óskilorðsbundið. Að auki sæti ákærði 6 mánaða fangelsi, en fullnustu þeirrar refsingar skal fresta, og falli hún niður að liðnum 3 árum frá upp-

sögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar við áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 5.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnar Friðjónsson, sæti 3 mánaða fangelsi. Þá sæti hann enn fremur 6 mánaða fangelsi, en fullnustu þeirrar refsingar skal frestað, og falli hún niður að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 5.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. nóvember 1981.

Ár 1981, þriðjudaginn 3. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 490/1981: Ákærvaldið gegn Gunnari Friðjónssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 23. f. m., gegn Gunnari Friðjónssyni sjómanni, Karlagötu 11, Reykjavík, fæddum 11. júní 1937 í Reykjavík, „fyrir fjárdrátt og skjalafals með eftirgreindum hætti:

1. Þann 4. júní 1980 falsað nafnritun Maríu Guðbjargar Eyjólfsdóttur, dveljandi að vistheimilinu að Kumberavogi á Stokks-

eyri, undir umboð, þar sem ákærða var veitt heimild til að taka við fjárverðmætum, sem systir Maríu Guðbjargar, Steinunn Eyjólfsdóttir, einnig vistkona að Kumberavogi, átti í fórum málflutningsskrifstofu Guðmundar Péturssonar og Axels Einarssonar hæstaréttarlögmanna, Aðalstræti 6, Reykjavík, þar sem ákærði þann sama dag framvísaði umboðinu og fékk í hendur sparisjóðsbók nr. 151056 við Landsbanka Íslands, aðalbankann, með gkr. 4.436.949.- innstæðu, og veðskuldabréf, útgefið 30. nóvember 1978 af Kristjönu Axelsdóttur, tryggt í fasteigninni nr. 21 við Kvisthaga í Reykjavík, upphaflega að fjárhæð gkr. 1.200.000.-, en að eftirstöðvum við afhendingu gkr. 800.000.-.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Þá er ákærða gefið að sök að hafa í framhaldi af háttsemi þeirri, sem rakin er í 1. lið hér að framan, tekið heimildarlaust út úr greindri sparisjóðsbók og tekið við greiðslum af skuldabréfinu og hagnýtt í eigin þarfir, svo sem hér verður rakið.

Úr sparisjóðsbók nr. 151056:

Dagsetning úttektar.	Úttekin fjárhæð.
6. júní 1980	Kr. 1.300.000.-
10. júní 1980	— 300.000.-
4. júlí 1980	— 600.000.-
7. júlí 1980	— 200.000.-
25. júlí 1980	— 150.000.-
1. ágúst 1980	— 350.000.-
11. ágúst 1980	— 30.000.-
16. september 1980	— 900.000.-
26. september 1980	— 400.000.-
7. október 1980	— 200.000.-
4. mars 1981	Nýkr. 8.000.-

Af veðskuldabréfinu:

9. janúar 1981	Nýkr.	3.158.40
----------------	-------	----------

Háttsemi ákærða, sem rakin er í 2. lið hér að framan, telst aallega varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 248. gr. sömu laga.

3. Loks er ákærða gefið að sök að hafa falsað nafn tengdamóður sinnar, Ingiveigar Eyjólfsdóttur, Karlagötu 11, Reykjavík, undir veðleyfi, dagsett 12. mars 1981, þar sem nefnd Ingiveigar er sögð heimila Eddu Þórarinsdóttur, eiginkonu ákærða, að veð-

setja húseignina Karlagötu 11 fyrir væntanlegu handhafaskulda-
bréfaláni allt að kr. 120.000.-, jafnframt falsaði ákærði nafn
sonar síns, Þórarins Friðjónssonar, nnr. 9408—8550, sem vit-
undarvotts á veðleyfið. Veðleyfið ásamt veðskuldabréfum sam-
tals að fjárhæð kr. 120.000.- var svo afhent til þinglýsingar þann
25. mars 1981.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til
greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði hefur játað, að ákæruefnið sé rétt.

Ákærða var kunnugt um, að í vörslum málflutningsskrifstofu
Guðmundar Péturssonar og Axels Einarssonar hæstaréttarlög-
manna voru sparisjóðsbók og veðskuldabréf, eign Steinunnar
Eyjólfsdóttur, fæddrar 1894, vistmanns að Kumbaravogi við
Stokkseyri. Verðmætum þessum hafði skrifstofan tekið við í sam-
bandi við sölu á íbúð fyrir Steinunni. Systir Steinunnar, María,
fædd 1900, einnig til heimilis að Kumbaravogi, hafði annast við-
skipti þessi við skrifstofuna fyrir hönd Steinunnar. Ákærði er
kvæntur kjördóttur Ingiveigar, systur þeirra Maríu og Stein-
unnar.

Vorið 1980 sneri ákærði sér til málflutningsskrifstofunnar og
skýrði svo frá, að Steinunn hefði beðið sig að taka við verðmæt-
um þeim, sem hún ætti þar geymd. Ákærði átti í fjárhagserfið-
leikum, og vakti það fyrir honum að nota verðmætin í eigin
þarfir. Honum var bent á, að hann yrði að fá umboð Maríu
Eyjólfsdóttur til þess að fá gögnin afhent. Næsta dag kom ákærði
til Guðmundar Péturssonar og afhenti honum svohljóðandi um-
boð:

„Reykjavík 4. júní 1980.

Vinsamlegast afhendið Gunnari Friðjónssyni, Karlagötu 11,
fyrir hönd Steinunnar Eyjólfsdóttur, Karlagötu 11, allt hennar
uppgjör vegna sölu á íbúð Steinunnar að Kvisthaga 21.

Virðingarfyllst.

fyrir hönd Steinunnar Eyjólfsdóttur

María Guðbj. Eyjólfsdóttir

Vottur:

Ingiveig Eyjólfsdóttir“

Er það sannað með framburði ákærða sjálfs og öðrum gögn-
um, að umboð þetta ritaði hann að öllu leyti sjálfur án vitundar
þeirra Maríu og Ingiveigar, og falsaði hann nöfn þeirra. Við rit-
un nafna Maríu líkti hann eftir rithönd hennar og hefur tekist

það svo vel, að hann blekkti viðtakanda umboðsins, en skjöl með rithendi Maríu voru í vörslum máflutningsskrifstofunnar. Fékk ákærði bæði sparisjóðsbókina og skuldabréfið í sínar vörslur.

Ákærði tók síðan út úr sparisjóðsbókinni 1.300.000 krónur hinn 6. júní og síðan tók hann út 9 sinnum úr bókinni á árinu 1980 og loks 4. mars sl., er hann tók út 8.000 krónur. Úttektum þessum er rétt lýst í 2. kafla ákæru. Fjárhæð sú, sem ákærði tók þannig út, nemur samtals 52.300.00 nýkrónum. Fé þessu hefur ákærði varið með ýmsum hætti í eigin þarfir.

Þá er fram komið, að veðskuldabréfið fól ákærði Búnaðarbanka Íslands til innheimtu, og innheimtist ein afborgun af því, er nam að viðbættum vöxtum og dráttarvöxtum, en að frádregnum bankakostnaði, 3.184.40 nýkrónum. Var fjárhæð þessi lögð inn á sparisjóðsbók ákærða, sem hefur síðan notað féð í eigin þarfir.

Í mars sl. falsaði ákærði nafn tengdamóður sinnar undir svohljóðandi veðleyfi:

„Ég undirrituð, Ingiveig Eyjólfsdóttir, Karlagötu 11, Reykjavík, nafnr. 4710—6311, veiti hér með Eddu Þórarinsdóttur, Karlagötu 11, Reykjavík, nafnr. 1677—1894, leyfi til að veðsetja fasteign mína að Karlagötu 11, Reykjavík, fyrir væntanlegu handhafaskuldabréfaláni allt að kr. 120.000.000 (sic) — eitthundraðogtuttugþúsund —. Eignina má hún veðsetja með þeim veðrétti, sem núverandi eigendur áhvílandi skulda á eigninni heimila.

Veðleyfi þetta er undirritað í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Reykjavík, 12. mars 1981.“

Ákærði ritaði nafn sitt sem vitundarvotts undir veðleyfið, en falsaði að auki nafn sonar síns, Þórarins Friðjónssonar, sem vitundarvotts.

Ákærði og kona hans gáfu síðan út sex veðskuldabréf, hvert að fjárhæð 20.000 kr., tryggð með veði í íbúð Ingiveigar. Skuldabréf þessi seldi ákærði síðan með aðstoð Brynjólfs Eyvindssonar lögfræðings, fulltrúa Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns, og notaði peningana til greiðslu skulda.

Um þetta tiltæki sitt segir ákærði, að hann hafi áður fengið að veðsetja íbúð tengdamóður sinnar til tryggingar skulda sinna. Svo hafi verið komið, að skuld hafi verið fallin í gjalddaga og að því komið, að íbúðin yrði seld til lúkningar hennar. Heilsu Ingiveigar hafi verið þannig háttáð, að hún hafi sjálf ekki verið fær um að taka ákvarðanir eða ráða persónulegum högum sín-

um. Kveðst ákærði því hafa gripið til þess ráðs að falsa nafn hennar. Hann segir, að Brynjólfur Eyvindsson hafi útbúið veðleyfið og skuldabréfin og séð um sölu á þeim. Brynjólfur hafi ekki vitað annað en að undirskrift veðleyfisins væri ófölsuð.

Samkvæmt skýrslu lögfræðiskrifstofu Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns voru bréfin seld á veðbréfamarkaði fyrir 82.320 krónur, og var fjárhæðin öll að frádreginni þóknun og þinglýsingarkostnaði notuð til greiðslu skulda.

Fjárkröfur hafa ekki verið gerðar á hendur ákærða í máli þessu. Hefur ákærði samið við þær Maríu og Steinunni og þær gera Guðmund Pétursson hæstaréttarlögmann ekki bótaábyrgan fyrir verðmætum þeim, sem afhent voru samkvæmt hinu falsaða umboði.

Með því að nota í viðskiptum við Guðmund Pétursson hæstaréttarlögmann umboð með falsaðri nafnritun Maríu Guðbjargar Eyjólfsdóttur hefur ákærði gerst brotlegur við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga. Sama ákvæði hefur hann brotið með því að láta þinglýsa veðleyfi, sem hann hafði falsað undir nafn Ingiweigar Eyjólfsdóttur svo og nafn Þórarins Friðjónssonar.

Með notkun áður nefnds umboðs aflaði ákærði sér sparisjóðsbókar og veðskuldabréfs Steinunnar Eyjólfsdóttur. Það athæfi ákærða að taka peninga út úr bókinni og innheimta afborgun af bréfinu og nota féð í eigin þarfir felur ekki í sér sjálfstætt brot, heldur tæmir 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga sök.

Ákærði var 23. febrúar 1968 dæmdur í 60 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 248. og 261. gr. alm. hegningarlaga. Skilorð dómsins hefur hann staðist. Þá var hann 11. nóv. 1977 dæmdur í 4 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, og var refsing skilorðsbundin til 5 ára. Hann hefur nú rofið skilorðið og verður skv. 60. gr. alm. hegningarlaga dæmdur í einu lagi í refsingu fyrir öll brotin. Refsingin verður með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða kostnað sakarinnar, þar á meðal 1.800.00 krónur í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Friðjónsson, sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal 1.800.00 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns.